

EFTIRLITSSKÝRSLA



Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður

Dags eftirlits	6.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hafþór Eiríksson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni. Minnt er á að frestur vegna úrbóta til að takmarka olíubrennslu verksmiðjunnar þannig að aflíð verði innan við 20 MW er til 7. desember nk. Staðfesting skal send til Umhverfisstofnunar þegar útbætur eru komnar í framkvæmd.

Tvær ábendingar voru gerðar í kjölfar eftirlitsferðar er varðar geymslu og meðhöndlun fljótandi efnavöru og III. kafla reglugerðar nr. 884/2017 um kröfur til lekavarna (próa) um lýsisgeyma.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðustu eftirlitsskýrslu – staða fráviks
2. Kröfur í starfsleyfi – áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar og skráningar rekstraraðila (m.a. þykktarmæling geyma og þrýstiprófun lagna)
3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
4. Önnur mál, atvik, óhöpp og kvartanir
5. Vettvangsskoðun um fyrirtækið

Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar í Neskaupstað er með starfsleyfi sem gildir til 3. september 2036. Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið vegna skráninga í tengslum við innra eftirlit. Farið var yfir skjal um eftirlit með olíugeymum á starfstöðinni. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2021. Að lokum var farið í skoðun um athafnasvæði verksmiðjunnar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar kom fram þrjú frávik er varða staðfestingu vegna skila á spilliefnum, skort á árekstrarvörn við neyslugeymi verksmiðjunnar og að grænu bókhaldi vegna ársins 2018 var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert. Að auki var ein ábending gerð er varðar geymslu efnavöru. Í eftirlitsferðinni var staðfest að kvittunum fyrir skil á spilliefnum er haldið til haga í gögnum fyrirtækisins. Fram kom að búið væri að taka neyslugeymi starfstöðvar úr umferð en til stendur að fá nýjan olíugeymi með tvöföldu birgði. Rætt var um að bæta mengunarnáminnir í efnageymslu verksmiðjunnar m.t.t. ábendingar í eftirliti á síðasta ári, en efni fljótandi formi standa ekki á lekabyttu og niðurföll í gólfi eru opin. Bent er á grein 2.24 í starfsleyfi hvað varðar geymslu fljótandi efnavöru.

Starfsemi Síldarvinnslunnar í Neskaupstað er getið í viðauka I í lögum nr. 70/2012 um loftlagsmál og þar sem heildarvarmafl olíukatla verksmiðjunnar fer yfir 20 MW fellur verksmiðjan undir gildissvið viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS kerfið). Í greinargerð frá Mannvit dags. 2. október sl. eru tvær leiðir til skoðunar um hvernig fyrirtækið hyggst takmarka olíubrennslu verksmiðjunnar þannig að hámarksafköst verði innan við 20 MW. Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögu rekstraraðila en óskar jafnframt eftir því að rekstraraðili upplýsi stofnunina um það þegar útbætur í samræmi við hugmyndir Mannvits eru komnar í framkvæmd. Samkvæmt kröfu Umhverfisstofnunnar skal aflíð vera komið undir 20 MW fyrir 7. desember nk.

Verksmiðjan var gangsett þann 2. mars sl. eftir rúmlega mánaðar stopp. Ein kvörtun hefur borist vegna starfseminnar en engin mengunaráhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Þann 21. september sl. barst kvörtun til Heilbrigðiseftirlits Austurlands undan jukk/lit í sjó við útrás verksmiðjunnar. Rekstraraðila var tilkynnt um kvörtunina. Svar barst frá rekstraraðila þann 24. september og kom fram að á föstudeginum, 18. september, hefði verksmiðjan verið að ljúka vinnslu og því verið að hreinsa og tómkeyra búnað sem gæti skýrt litamuninn í sjónum.

Í eftirliti var staðfest að ábyrgðartrygging vegna bráðamengunartjóns liggur fyrir hjá starfsleyfishafa í samræmi við grein 2.9 í starfsleyfi.

Farið var yfir eftirlitsmælingar samanber grein 4.2 í starfsleyfi. TVN er mælt daglega og niðurstöðum skilað reglulega til eftirlitsaðila. Þann 19. maí og 1. júní sl. mældist TVN yfir viðmiðunarmörkum og tilkynnt var um atvikið í samræmi

við grein 3.9 í starfsleyfi. Sýni voru tekin af fráveituvatni á kolmunnavertíð í febrúar 2019 og svo aftur í apríl sl. Samkvæmt skýrslum mældist magn mengandi efna í frárennsli frá hreinsibúnaði í öllum tilfellum innan þeirra losunarmarkna sem fram koma í grein 3.16 í starfsleyfi.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2019 hefur verið skilað í samræmi við grein 4.5 í starfsleyfi.

Gæðahandbók starfstöðvar sem inniheldur m.a. viðbragðsáætlun og umhverfismarkmið í samræmi við greinar 2.1 og 2.6 í starfsleyfi eru endurskoðuð árlega. Á síðasta ári var viðbragðsáætlunin starfstöðvar endurskoðuð með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.

Fjórir lýsisgeymar tilheyra verksmiðjunni og er ein lekavarnarþró um þá alla. Einn lýsisgeymir (nr.3) hefur verið botnþykktarmældur en þykktarmæla þarf olíubirgðageyma á a.m.k. 10 ára fresti skv. grein 20.5 reglugerðar nr. 884/2017. Mælingin var framkvæmd í júní 2020 og niðurstöður sendar á eftirlitsaðila. Tæringarpyttir sem þarfnast skoðunar eru á geyminum.

Útskipunarlögn fyrir lýsi, þ.e. frá lýsistönkum að bryggju, var þrýstiprófuð 13. maí 2019. Skýrsla Mannvits sýndi að lögnin stóðst prófið. Enn á eftir að þrýstiprófa lögnina frá verksmiðjunni að tönkum. Bent var á að samkvæmt grein 20.2 reglugerðar nr. 884/2017 skal á 5 ára fresti þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um svæðið. Lóð og umhverfi starfstöðvar voru skoðuð en vegna Covid 19 var ekki farið inn í verksmiðjuna. Gengið var um lekavarnarþró lýsisgeyma og umhverfi fituskilju skoðað. Skoðað var ofan í olíuskilju sem tengd er fráveitu frá olíukatlarými og stikkprufusýni tekið með olíustrimli. Nokkuð snyrtilegt var um að litast en fjarlægja þarf hluti sem hefur rekið í fjöruna við fráveituútrásina, neðan við lekavarnarþróna.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á kröfur til fljótandi efnavöru í grein 2.24 í starfsleyfi. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Ef niðurföll eru í efnageymslu skulu þau vera lokanleg og lokuð nema undir eftirliti starfsmanns.

2. Rekstraraðila er bent á kröfur til lekavarna (þróa) um lýsisgeyma, sjá kafla III reglugerðar nr. 884/2017. Niðurfall í þró skal tengt olíuskilju. Niðurfallið skal vera lokað nema þegar rigningarvatni er hleypt niður úr þrónni. Mæla skal olíu (lýsi) í frárennsli olíuskilju að lágmarki á þriggja ára fresti.

10.12.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Gottskálk Friðgeirsson